




Kennari: Jóhanna Geirsdóttir
johanna.is GSM: 699 5216
Netfang: johanna@johanna.is

Tölvu- og upplýsingatækni
F-TÖLVmenntas
(Menntas**98**-fjar)

Komið þið sæl og verið hjartanlega velkomin í áfangann F-TÖLVmenntas (**Menntas98-fjar**) á haustönn 2026. Áfanginn er fjarnámsáfangi. Hann hefst mánudaginn **24. ágúst** og lýkur mánudaginn **12. október**.



Námsgögn: **Microsoft 365 – 2025**

Kennslubók með verkefnum fyrir byrjendur
Enskt og íslenskt notendaviðmót
Word, Excel og PowerPoint

Bókin fæst m.a. í

A4 Skeifu og Reykjanesbæ
Pennanum Smáralind, Kringlu, Akranesi og Keflavík
Iðnskólabúðinni Brautarholti
Skagfirðingabúð Sauðárkróki

Það er mikilvægt að þið útvegið ykkur kennslubókina áður en áfanginn hefst.

Þið sækið verkefnið í kennslubókinni óunnin á johanna.is, vistið þau á ykkar tölvu og vinnið samkvæmt fyrirmælum í kennslubókinni.

Á vefsíðunni eru einnig sýnishorn af nokkrum uppsettum, fullunnum verkefnum og myndskleið við þau með leiðbeiningum.

Þið byrjið á að vinna verkefni í PowerPoint í [H-hluta kennslubókarinnar](#).

C Word – Grunnskjöl

C Word – Myndskeið

D Word – Grunnskjöl

D Word – Myndskeið

F Excel – Grunnskjöl

F Excel – Myndskeið

G Word-Excel – Grunnskjöl og myndskleið

H PowerPoint – Grunnskjöl og myndskleið

Nánari sundurliðun á verkefnaskilum er í kennsluáætluninni í Innu.

Þið þurfið að skila öllum verkefnum samkvæmt kennsluáætlun.

Verkefni eru öll frekar stutt, en með góðum útskýringum í kennslubókinni og myndskleið við mörg þeirra.

Þið takið tvö heimapróf í áfanganum (Word og Excel) og þurfið að taka bæði prófin til að ljúka áfanganum.

Þið þurfið að ná lágmarkseinkunninni **4,75** í hvoru prófi til að einkunn fyrir verkefnaskil gildi.

Einkunn fyrir verkefnaskil má ekki vera lægri en **4,75** til að einkunn úr prófum gildi.

Öllum verkefnum skilið þið fullunnum í rétta tengla í Innu.

Ég fer yfir þau jafnóðum og læt ykkur vita hvort þau séu í lagi.

Þið getið lagað þau og sent inn aftur áður en skilafresturinn rennur út ef ég geri athugasemdir við þau.

Þið getið alltaf sent mér tölvupóst ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi verkefnið.

Gangi ykkur vel í náminu!

Kær kveðja,

Jóhanna Geirsdóttir johanna@johanna.is

Sími: 699 5216 <https://www.johanna.is>